

A landscape photograph showing a dry, grassy field with a stone wall in the foreground. In the background, there is a town and mountains under a blue sky.

Garðahverfi - nýjar leiðir eftir gömlum götum


Ragnheiður Traustadóttir

23. maí 2017

Garðaholti

Garðabær fornleifaskráning

- Fornleifaskráning 1984
- Lagabreyting 1989
- Fornleifaskráning 2001-2003
- Fornleifaskráning 2006-2013
- Lagabreyting 2012
- Uppmælingar og fornleifaskráning 2017





Heimild: Garðahverfi. Fornleifaskráning 2003

Er mikils um vert að svipurinn á hinu forna skipulagi Garðahverfis fái að halda sér og sérstaklega verði gætt að fornminjum við gerð nýs skipulags á svæðinu.

- Á hinu skráða svæði eru mjög margar og afar merkilegar minjar um búsetu; um sjósókn, búskap, samgöngur, trúarlíf, skólahald og jafnvel réttarsögu. Ofanálág hefur byggðin verið girt með gördum, varnargarður lá meðfram sjónum og norðaustanmegin teygði sig hinn mikli Garðatúngarður, frá Balatjörn í suðaustri, um Dysjamýri og Garðaholt, til Skógtjarnar í norðvestri. Mannvirkjagerð af þessu tagi hefur tíðkast frá fornu fari og eru varðveittir garðar annars staðar sem vörðu heilu byggðalögin.
- Elstu minjarnar í Garðahverfi og næsta nágrenni eru trúlega frá landnámi en á síðmiðöldum má ef til vill segja að hér hafi staðið þorp eða að minnsta kosti visir að þorpi. Er óhætt að segja að “menningarlandslag” af þessu tagi sé fátítt ef ekki einstakt.
- Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan þjóðminjavörslunnar hin seinni ár. Er þá átt við samspil manngerðra minja innbyrðis sem og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Slík heild kann að hafa áhrif á varðveislugildi minjanna auk þess sem hún segir fyllri sögu um búsetu og kjör manna til forna en einstakar minjar út af fyrir sig.
- Hugtakið menningarlandslag hefur einnig verið í umræðunni í tengslum við svokallaða menningartengda ferðapjónustu og má segja að nú sé viss vakning í notkun menningararfsins til kynningar á landi og þjóð. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera gömlu verklagi, byggingaháttum og landnotkun vitni. Kynning á fornleifum er ekki síður mikilvæg heimamönnum og eykur áhuga og skilning á nánasta umhverfi og þeirri byggðasögu sem lesa má út úr menningarlandslagi.
- Við fornleifaskráningu eru einatt gerðar tillögur um hvernig varðveita megi fornminjar í landslaginu og gera þær aðgengilegar og kynna þær fyrir almenningi. Með því að minjarnar eru inni á svæði þar sem fyrirhugað er að reisa íbúðabyggð má vera að aðgangur yrði að einhverju leyti takmörkunum háður en ljóst er að Garðahverfið á sér áhugaverða sögu, þar sem náttúruminjar, fornminjar, saga og útsýni mynda heild sem gefa svæðinu sérstakt gildi.
-
- Fornleifar eru vitaskuld einnig metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þeirra er. En það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna.

Heimild: Garðahverfi. Fornleifaskráning 2003



Fornminjar hafa áhrif

- "Upphafleg skráning hljóðaði upp á um **50 skráningarnúmer** en eru nú á lokastigum úrvinnslunnar nær **500**," segir í greinargerðinni. "Það er því ljóst að fornleifar á þessu svæði sem nær eingöngu eru vestan megin á holtinu, umhverfis og innan um núverandi byggð, eiga eftir að hafa einhver áhrif á útfærslu skipulags og byggðar á svæðinu." **Segir að við nánari skipulagningu verði síðan lögð áhersla á varðveislu þeirra minja, sem merkilegastar teljast. [13. mars 2002](#) mbl.**



Íbúðaping 20.október 2002 - Opið samráð

- ÍBÚAÞING í Garðabæ er haldið í tengslum við endurskoðun aðalskipulags bæjarins en Garðabær er fyrsta sveitarfélag landsins til að stíga svo stórt skref til opins samráðs við íbúana við gerð aðalskipulags, að því er fram kemur í fréttatilkynningu.




Aðalskipulag Garðabæjar 2004-2016



Á Garðaholti eru skipulagsáform tvenns konar, annars vegar er um að ræða framkvæmdasvæði þar sem uppbyggingar-
möguleikar eru samskonar og almennt er í bænum. **Hins vegar er afmarkað svokallað minjasvæði þar sem uppbygging byggðar verður háð takmörkunum í samræmi við niðurstöður um gildi minja á svæðinu.**

Minjar í Garðahverfi eru einstakar, ekki síst fyrir þá heild sem þær mynda saman. Slíkt menningarlandslag er fáséð.

- Minjar í Garðahverfi eru einstakar, ekki síst fyrir þá heild sem þær mynda saman. Slíkt menningarlandslag er fáséð.
- Þar og í Gálgahrauni er að finna meira en 250 kunnar fornleifar. Skipulag byggðarinnar í Garðahverfi á rætur að rekja aftur á miðaldir hið minnsta. Þar er að finna merkilegar minjar, mismunandi vel varðveittar, um sjósókn, búskap, samgöngur, trúarlíf, skólahald, jafnvel réttarsögu. Þar var byggðin girt með hlöðnum gördum, varnargarður lá meðfram sjónum og norðaustanmegin teygði sig hinn mikli Garðatúngarður frá Balatjörn í suðaustri, um Dysjamýri og Garðaholt, til Skógtjarnar í norðvestri. Þarna eru, svo að dæmi séu tekin, bæjarhólar, varir, brunnar, útihús, garðar, stekkir, fjárrétt, fjárborg, gerði, kirkjugarður, aftökustaður, steinar með áletrunum og fornar leiðir.
- Á Hausastöðum í Garðahverfi var Hausastaðaskóli reistur 1759, fyrsti heimavistarskólinn sérstaklega ætlaður almúgabörnum.



Fornleifar á jörð 2002-2017

• Garðar	78
• Nýibær	12
• Pálshús	11
• Dysjar	20
• Bakki	14
• Miðengi	16
• Ráðagerði	6
• Hlíð	28
• Móakot	11
• Hausastaðir	37
• Hausastaðakot	18
• Heimild: Garðahverfi. Fornleifaskráning 2003	





Það er mikils um vert að svipurinn á hinu forna skipulagi Garðahverfis fái að halda sér og sérstaklega verði gætt að fornminjum við gerð nýs skipulags á svæðinu.

Heimild: Garðahverfi. Fornleifaskráning 2003

Uppmælingar á sýnilegum fornleifum



Einkum eru þetta tóftir í bæjastæðum, bæði bæjahús og útihús, brunnar og grjóthlaðnir garðar eða gerði sem eru einkennandi fyrir hverfið og hlutar Garðatúngarðs sem lá meðfram hverfinu að austan. Þar sem garðarnir eru heilir og aflokaðir flokkast þeir undir *gerði*, en annars undir *garðlög*. Túngarðar og varnargarðar (sjógarðar) kallast einnig garðlög.

Heimild: Garðahverfi. Fornleifaskráning 2003



Garðabær á þess kost að samræma nýja byggð, útivist og minjavernd með því að varðveita og hlúa að fornminjum í Garðahverfi. Ef vel tekst til má ætla að bæði næðust takmörk minjavörslunnar og skipulagsins að mynda hverfi sem er fallegt og eftirsóknarvert að búa í. Hugsanlega má hafa hliðsjón af hinu gamla gatnakerfi, traðanna á milli bæja, og gefa götum og görðum nöfn sem þegar eru til í umhverfinu.



Móakot



Móakot

Best varðveitta bæjarstæðið í Garðahverfi, óraskað af seinni tíma framkvæmdum, er á jörðinni Móakot. Þar er að finna bæjarrústir með brunni og leifar útihúsa, túngarðs og varnargarðs.



Garðatúngarð ber að varðveita í heild sinni, ef nokkur kostur er, og gerði í kringum heillegustu kotbýlin. Sjálfsagt er að velta því fyrir sér, hvort eðlilegt sé að byggja Garðatúngarð upp, þar sem hann er hruninn.



Herminjar á Garðaholti



Mikill fjöldi herminja er að finna á Garðaholti þar sem varnarliðið hefur haft aðstöðu frá því á árum seinni heimsstyrjaldar. Minjar af því tagi eru ekki sjálfkrafa verndaðar af þjóðminjalögum þar eð þær eru ekki orðnar hundrað ára gamlar. Í lögunum er þó heimild til þess að friðlýsa yngri minjar. Gefur engu að síður augaleið að ýmsar herminjar á Garðaholti eru þýðingarmikil heimild um hlutdeild Íslands í einhverjum mestu stríðsátökum mannkynssögunnar og kalda stríðinu sem á eftir kom. Fullyrða má að þær hafi alþjóðlegt minjagildi.

Landbrot




Sjóðbúð frá Görðum rétt hjá Miðengi




Mikil hætta er við ströndina vegna landbrots og hafa minjar skolað á haf út í gegnum aldirnar.

Landfræðilegur grunnur yfir fornleifar í Garðabæ

- Hannaður hefur verið sérstakur grunnur fyrir fornleifarskráningu í Garðabæ í landfræðilega upplýsingarkerfið Intrasis. Þannig að hægt er að kalla fram mismunandi upplýsingar með sérstökum þekjum t.d kalla fram allar minjar sem eru í hættu vegna framkvæmdar eða allar fornar leiðir og þar fram eftir götunum.
- Þar sem þetta er venslaður gagnagrunnur er hægt að taka gögnin út sem shape gögn, dwg gögn og sem töflur og er því auðvelt að nýta sér gögnin í hvaða gis forritum sem er.






Fornleifar finnast á öllu þessu svæði og skipta hundruðum. Þær eru mjög fjölbreytilegar og margar afar merkilegar, þær elstu sennilega frá því um landnám. Flestar minjanna hafa eingöngu verið kannaðar á yfirborði við fornleifaskráningu en einnig hefur verið grafið á nokkrum stöðum Hlíði, Urriðakoti, Hofsstöðum og Grenishóll (Grænhóll)

Í grunninn 1. janúar 2017 vorum um það bil 1500 fornleifar komnar í grunninn ásamt upplýsingum, hnit, sérheiti, tegund, hlutverk, lýsingu og hættumat. Hnitin sem hafa verið sett inn eru bæði punktahnit og uppmælingar af tóftum og Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi verði um 2000.


Sérheiti- örnefni



Tegund fornleifa



Garðastekkur



Garðaflatir

Fortíðin-Nútiðin-Framtíðin

- Hvernig á varðveita Garðahverfi
- Endurhlaða garða
- Sjóvarnargarð
- Virkt eftirlit með framkvæmdum
- Tryggja nýtingu og beit á túnum
- Aðgerðir fyrir minjar sem eru að fara út í sjó

